

Winnipeg

"APRIL FOOL'S PARTY"

Ungmenntafélag Sambandsafn-
aðar heldur skemtifund í sam-
komusal kirkjunni á laugardags-
kvöldið kemur 1. apríl, kl. 8 e.
h. Meðlimir og vinir ungmennta-
félagsins eru vinsamlegast beðn-
ir að fjölmenna. Það er óskað
að sem flestir komi annarlega búa
ir.

Fjölbreytt skemtiakrá og veit-
ingar.

Föstudaginn 17. marz voru
þau Gíslí Hallsson og Guðrún
Vígússon, bæði frá Oak View,
Man., gefin saman í hjónaband,
að viðstöddum nokkrum vinum,
að 493 Lipton St., af séra Rúnólfi
Martínssyni.

Fimmtudaginn 23. marz, voru
þau Sigmundur Josephsson frá
Gimli og Margrét Sigurðsson frá
Arnes, Man., gefin saman í hjóna-
band að 493 Lipton St., af séra
Rúnólfi Martínssyni.

Jóhann Jóhannsson frá Mikley
var staddur í bænum s. l. miðviku
dag. Hann kom í kynnisförlu til
dóttur sinnar ungrú Sigríðar, sem
til heimilis er í Elmwood hjá Jóni
Jónssyni frá Framnesi.

Til sölu

Lítið hús (Cottage) á ekulóð
í smábæ í Manitoba. A löðinni
auk húsins stendur fjós, hænna-
hús og eldivíðarskúr allt nærri nýtt
Ritastjóri vísar á.

Miss Lovisa Ottensen hefir á-
tveðið að halda danssamkomu á
föstudagskvöldið þann 31. p. m.
að Riverton. Sér til aðstoðar við
samkomuna hefir hún góðan fí-
lín spilara.

Miðaldrakona, sem er vön
matreiðslu og innanhússstörfum,
óskar eftir ráðakomastöðu eða
við á góðu heimili í Winnipeg.
þar sem hún getur fengið að hafa
með sér stálpað barn. Hún er
einnig fús á að taka vinnu á
greiðasöluhúsi ef þess væri kost-
ur. Upplýsingar fást að 310
Simcoe St., Winnipeg.

S. Thórðarson frá Hnausum
leit inn á skrifstofu blaðsins í gær.
Hann dvelur 2—3 daga í bæn-
um.

Mr. Jón J. Melsted og sonur
hans frá Lady Wood, voru á ferð
hér í bænum í síðustu viku, og
litu inn á skrifstofu Hkr. Þeir
þveitustu að láta hafa nokkrar
fréttir eftir sér, svo vör urðum
supsattir, en það lagaðist fljótt,
svo þeir og Hkr. skildu góðir
mátar.

Næsti fundur J. Sigurðssonar
félagsins, I. O. D. E. verður
þriðjudagskvöldið 4. apríl í John
M. King skólanum. Að afloknum
fundarstörfum flytur Miss Hólm-
fríðu Einasson erindi um "List-
in sem innifalir er í því að eld-
ast fallaga."

Vér viljum benda lesendum
vorum sérstaklega á umgætning
herra Elías Thorwaldssonar að
Mountain, N. Dak., hér á öðrum
etaði í blaðinu. Mr. Thorwalds-
son er flestum Vestur-Íslendingum
kunnur fyrir framtakssemi
sína og útjón og munu flestir
Dakota Íslendingar ásamt mörg-
um fleiri hafa haft einhver við-
skifti við hann, þar sem verzlun
hans er með þeim allra stærstu
og elstu verzlunum er þar hefir af
Íslendingum verið rekin.

WONDERLAND

Mary Miles Minter leikur á
Wonderland á miðvikudaginn og
fimmtudaginn í leiknum "Eyes of the
Heart". Miss Minter er alþekkt
fyrir sína þrífandi leikmyndir.
Föstudaginn og laugardaginn

Hólmst: Ste. 12 Cottage St.
Stnd: A 8887

J. H. Straumfjörð

Áttalið og guðmáttur.

Allar vígverðir fljótt og vel af-
hendlaðar.

678 Sergeant Ave.
Tjaldurí Shaver, 888

verður að líta Elain Hammerstein
í "Handcuffs and Kisses". Miss
Hammerstein þó á öfugan hátt sé
er jafnmikið dád og Miss Minter
og hefir aldrei sést í felegum leik.
A mánudaginn verður "The
Princess of New York" aðal að-
dráttaraflíð ásamt N. I. McQuill-
en með einöngva.

Orðsending

Að því er mér hefir verið tjáð
verður íslenzkukenslu þeirri á
heimilum, sem Þjóðræknisfélag-
ið hefir kostað í vetur, lokið nú
um mánaðarmótin (Marz og
Apríl). Þar eð félagið telur sér
eigi fært að svo stöddu, að verja
meira fé til kenslulana.

En þar eð eg undirritaður vil
stuðla að því, að íslenzku kensla
falli eigi niður með öllu þegar á
stað, þá hefi eg ákveðið að veita
tilsögn í íslenzku fyrst um sinn
unglingum þeim og börnum er
fræðslu myndu vilja í þeim efn-
um. Mun eg reyna að verða
sanngjarn í kröfum hvað kenslu-
laun snertir.

Ef einhverjir vildu sinna þessu
tilboði mínu, vildi eg mælast til
þess að þeir gæfu sig fram við
mig sem fyrst. Verður mig að
hitta fyrst um sinn að 532 Bever-
ley St. frá kl. 1—2 síðdegis. Einn
ig er hægt að ná mér til viðtals í
talsíma á sama tíma dags og er
talsímanúmerið Sherb. (B) 2038.

Í sambandi við þetta skal þess
getið, að haldið verður áfram
íslenzku kenslu á laugardögum í
Good-templarhúsinu eins og á
undanförnu; er kent þar frá kl.
3—4 síðdegis og verður svo að
minsta kosti til páska og jafnvel
allan aprílmánuð. Eru öll íslenzk
börn og unglingar velkomnir þar
og mun kennurum áhæggjefni
að sjá sem stærstan nemendahóp-
inn.

Vinsamlegast
Richard Beck.

Yfirlýsing.

Eg er öðum að eldast og þreyt
ast og starfshólf mit er að þverra.
Kona mín er ekki eins sterk að
heilsu eins og æskilegt væri. Sum
af börnum okkar eru nú þegar
farin frá okkur og þau sem eftir
eru heima fara úr þessu að leita
út í heiminn. Eftir 30 ára stöðugt
starf og strýtt á þessum stöðvum,
höfum við nú áfráðið að hætta
störfum hér en leita uppi þægri-
legri og rólegri og okkur hentugri
dvalastæði og þar að eyða því
sem ólífað er af æfi okkar.

Eg geri það því hérmeð vitan-
legt að frá þessum degi byð eg
allar mínar eignir hér til sölu á
lægsta hugsanlegu verði og á þá
hagkvæmstu skilmála sem eru
samrýmanlegir við heilbrigð við-
skifti. Eg er reiðubúinn að tapa
talsverðu fé við að koma þessari
breytingu á en ekkert verður feng
ist um það.

A meðan ekki býst kaupandi
að búðinni og vörum sel eg
allar vörur aðrar en matvöru við
stórkostlega niðursettu verði bæði
fyrir peninga út í hönd og á lán.
Matvörubirgðunum held eg við
og geri ný innkaup jafn ótt og
eyðist en aðrar vörutegundir
verða ekki keyptar inn að nýju
þegar þær seljast upp.

Matvöru sel eg aðeins á móti
peningum eða 30 daga borgunar
fresti ef þess er óskað. Ef borgað
er í peningum gef eg 10% afslátt
en ef samíð er um 30 daga frest
gef eg 5% afslátt af allri mat-
vöru.

Mountain, N. D. 29. Marz '22
E. Thorwaldson

Afmælishátíð Sambandsafn- aðar

verður haldin í fundarsal Sambandskirkju þriðju-
dagkvöldið 11. apríl n. k. Fyrirlestur flytur séra
Ragnar E. Kvaran og verður efni hans: "Lýsing
"Höllu" í leikriti Jóhanns skálds Sigurðssonar,
"FjallaEyvindur". Verður þar sérstaklega bent á
hina andlegu hlíð þessarar höfuðpersónu leikritsins
og sem listaverk frá skáldsins hendi, karakter per-
sónunnar borinn saman við söguþráð leiksins og
orsakaröð atburðanna.

Auk fyrirlestursins verður skemt með söngvum
o. fl. Veitingar verða á eftir.

INNANGANGUR 50c

Bændasamvinna í Noregi

Það mun flestum Íslendingum
kunnugt, að Jaðars-veitingar eru
einhverjar fremstu jarðræktar-
veitir Noregs; hitt mun mörgum
ókunnugt, að þessar sömu veitir
eru beztu og fjáruðugustu sauð-
ræktarsveitir Noregs. Stærstu
og ríkustu tövinnuverksmiðjur
Noregs eru líka í þessum sveitum,
en þessar verksmiðjur eru því mið
ur bændunum og sauðfjárrækt-
inni til litillar gleði, góða eða
gagns. Er nú svo komið, að
bændur hafa orðið að hefja stríð
gegn verksmiðjunum á samvinnu-
grundvelli, til þess að tryggja
þennan atvinnuveg — ullarfram-
leiðsluna. Flestar norskar tö-
vinnuverksmiðjur hafa myndað
"hring": "De forene norske ull-
varefabrikker". Kaupa þær nauð-
ugar norska ull, segja hana á
nothæfa til iðnaðar, og það lítið
þær kaupa af norski ull, borga
þær lágu verði með vörum en
ekki peningum, og alla ull sama
verði, án tillits til gæða. Þær
hafa því alls ekkert gert til að
örva ullarframleiðsluna eða vöru-
vöndun á þessu sviði; kemur það
sér því ver, sem norsk ull er afar
sundurleit og misjöfn, vegna þess
að mörg sauðfjárkyn eru í land-
inu og öll meðferð og hirðing ger-
ólik í hinum ýmsu sveitum.

Fyrir hálfu öðru ári síðan stofn-
uðu 389 bændur á Jaðri og í nær
sveitunum samvinnufélag, "Roga-
lands ullvarelag". Atti það upp-
haflega að vera ullarsölufélag. Ull
frá öllum félagsmönnum var safn-
að saman og skilin í 5 flokka eftir
gæðum. Síðan var ullin boðin til
sölu. — Tövinuverksmiðjurnar
söguðu nei og félaginu tókst ekki
að selja eitt einasta kíló hvorki af
beztu ull né lakari. Félagið gerði
þá samninga við eina verksmiðju-
una að vinna úr allri ullinni eftir
nánari fyrirætlum, og á félagsins
kostnað. Úr grófstu ullinni, 5.
flokks, voru unnin hestateppi og
"ulster", úr 4. fl. gróf rúmteppi
og kápuvörðir, úr 3. og 2. fl. fl.
ull var unnið: 33 tegundir fata-
vörð, 10 teg. kjólvörð, 5 teg.
nærfatnaðar, 10 teg. þrjónabanda
og 1 teg. rúmteppa. Bómulld eða
tuskum má ekki blanda í neitt af
þessu. Sannist það, að verksmiðja
ann sviki vörurfar, á hún sam-
kvæmt samningnum að greiða 10
þús. krónur í skaðabætur.

Nú eru þessar vörur á boðstól-
um í öllum samvinnuverzlunum
(Forbruksforening) í Rogalandi
og víðar, auk þess hefir félagið
umboðsmenn víða um land alt.

Með þessum félagskap er
þannig hafin barátta gegn verk-
smiðjuvaldinu á þessu sviði.
Hætt er við að félagið spinni ekki
gull af gerðum sínum fyrstu árin
en ekki mun forsprakkar fyrirtæk-
isins gefast upp fyr en í fulla hnef-
ana; býst eg við þegar um hægist,
að félagið kaupí eða byggí verk-
smiðjur til að tryggja fyrirtækið.

Hugsjón þessara manna er:
norskir menn og konur í norskum
fötum.

Arni G. Eyland.

—Tíminn—

STÖKUR.

Datt í hug er eg las erfljóð ort af

J. G. G. í síðasta Lögb.

Það lá við að mér þætti skömur

ef væri eg skáld.

Því, sko, þar fífill vex á hverri

þáfu.

að steypa rusla hýði á hróðrar
valdið sáld.
Helgidómmum botnveltir á grúfu.

Eg má þá jafnvel góla eins og
gömlu svínahjörð,
gelta og ýfla líkt og hvuti barinn.
Þá máske rekt eg ekki á önnur
lambaspörð,
þó öllum gófum dingli sauða-
skarinn.

—Y.—

Til K. N.

Öfundar þú kvenfólk sem kyssir
kossafleistið sjálfur ef missir?
Þú hefir stundum bysað við
bjálfaðann,
en bráðum ferðu' að kyssa þig
sjálfann.

K. N. hefir kyst svo margann
kæran flösku varabýða stúttinn,
en hoppar nú með hugan argann
í hamföllum við galtóman kúttinn.

—Y.—

Fyrir alla alt eg keyri

Um endilangan bæinn hér,

auglýsi svo allir heyrir

Ekkí, læt eg standa á mér.

SIGFÖS PÁLSSON

488 Toronto Str.

Tala. Sher. 2958.

Blond Taloring Co.

484 SHERBROOKE ST.
Phone Sh. 4484

Kven-yfirhafnir — einkar hent-
ugar til að vera í að vöru og í bif-
reiðarferðalögum — saumaðar
eftir máli úr alullar-efni. Alt verk
ábyrgt. Verð \$18.00. Einnig
kvenfatnaðir búnir til eftir máli úr
beztu efni fyrir aðeins \$27.50.



THE HOME OF
C. C. M.
BICYCLES

Miklar birgðir að veita úr, allir litir,
stærðir og gerðir

STANDARD

Kven- eða karleirðhjól \$15.00

Juvenile fyrir drengi eða stúlku \$15.00

"B" gerð fyrir karla eða konur \$25.00

"A" gerð fyrir karla eða konur \$35.00

"Motor-Bike" \$75.00

Litir eitt notuð reihjól frá \$20.00 upp

Með litilli niðurborgun verður ýður

sent reihjól hvert á land sem er.

Allar vígverðir ábyrgtar.

Bicycle Sales Co.

FOR SATISFACTION

485 PORTAGE AVE. Phone Sh. 5140

REV. W. E. CHRISMAS,

Divine Healer

Mr. Chrismas vill með ánægja
hafa bréfafráskriftir við hvern þann
er þjáist af sjúkdómum. Sendið
frimert umslag með utanáskrift
yðar til: Rev. W. E. Chrismas,
362 Corydon Ave., Winnipeg,
Man.

MENN!

Vertu ekki "einmana"

Vér komum ykkur í bréfasamband
við franskar, haviskar, þýskar, am-
erískar og kanadískar stúlkur og
karlmenng — báðum kynum o. s. frv.
vel mentað og skemtilegt, ef þið viljið
hafa bréfafráskriftir til skemtugar
eða giftingar ef svo líkar Gáttu inn
í bréfasambandsklubb vorn, 31. um
árlíð eða 50c fyrir 4 mánuði sem inn-
blíndur öll hlensindi. FÓRÖS FRÍARI
Gáttu inn undir eins, eða til frækari
skýringar skrifis

MRS. FLORENCE BELLAIRE
200 Montague St., Brooklyn, N. Y.

WONDERLAND THEATRE

MIÐVIKUDAG OG FIMTUDAG:

Mary Miles Minter

in

"EYES OF THE HEART"

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG:

Elaine Hammerstein

in

"HANDCUFFS AND KISSES"

MANUDAG OG ÞRIÐJUDAG:


'Princess of New-York'

and

N. I. McQUILLIN, Vocalist.

STÖLKUR!

Sur-Shot Vörður



"A Sur-Shot" BÖTT OG ORMA-
KYDIR. HÍR einasta meðal
sem hefir er að treysta til að
eyða ÖLLUM ÖRMUM OR-
hestum.
Öllum áreiðanlegum heim-
ilum ber saman um að efri
sem kölluð eru leysandi hafi
ekki eitt gildi til að eyða hesti
Engla hreinsandi meðal
þurfa með "Sur-Shot".
Uppsett í tveim stærðum—
\$5.00 og \$3.00 með lafðeina-
ingum og verkfærum til not-
kunar. Þessu er endursendit
ef meðalíð hrifur ekki.
A þeim stöðvum sem ver-
höfum ekki stöðlunum send-
um vér það pósthjálðarfrítt að
fréttakinn bor' us.

FAIRVIEW CHEMICAL
COMPANY LIMITED
REGINA — SASK

Blind skothylkis pistólur

vel gjörðar. Öll næmlegt að hraða
laubrotspjóta, lífþinga, hunda, en
ekki hættulegar. Mega liggja hvar
sem er, hættulaust að alysa verði af
fyrir börn eða konur. Sendar pósthfrítt
fyrir \$1. af betri gerð \$1.50. Blind-
skothylki No. 22 send með express á
\$7c 100.

STAR MFG. AND SALES CO.

621 Manhattan Ave., Brooklyn, N. Y.

Leikfélag Íslendinga í Winnipeg

leikur hinn góðfræga leik.

Þjónninn á heimilinu

(THE SERVANT IN THE HOUSE)

eftir

CHARLES BROWN KENNEDY

Föstudaginn 31. p.m.

í Goodtemplarhúsinu, og byrjar kl. 8.15 síðdegis. Að
göngumíðar til sölu hjá O. S. Thorgræssyni og kosta 25c
50c og 75c

LEIKAETLUN ÖT UM BYGÐIR:

BRÖ — mánudagskvöldið 3 Apríl
— GLENBORO — þriðjudagskvöldið 4 Apríl
BALDUR — Miðvikudagskvöldið 5. Apríl
LUNDAR — Föstudagskvöldið 7. Apríl
ARBORG — Þriðjudagskvöldið 11. Apríl
VIDIR — Miðvikudagskvöldið 12. Apríl
RIVERTON, — Þriðjudagskvöldið 18. Apríl
GIMLI — Miðvikudags- og fimtuddagskv. 18 og 19
Aðgangseyrir út um sveitir 75c; fyrir börn innan 12 ára 25c

REGAL COAL

Elkdiviðurinn óviðjafnanlegi.

NIÐURSETT VERÐ.

Til þess að gefa mönnum kost á að reyna REGAL
KOL höfum vér fært verð þeirra niður í sama verð og er á
Drumheller.

LUMP \$13.75 STOVE \$12.00

Ekkert söt — Engar óskuskánir. — Gefa mikinn hita. —

Við seljum einnig ekta Drumheller og Scranton Harð
kol.

Við getum afgreitt og flutt heim til yðar pöntunina
innan klukkustundar frá því að þú pantar hana.

D.D. WOOD & Sons

Drengirnir sem öllum geðjast að kaupa af.

ROSS & ARLINGTON

SIMI: N.7308

J. Zaphiers Grocery Store.

904 ARGENT AVENUE.

Hefir skift um verzlunarstjóra, og er nú beztu og ódýrasta
bóðin í bænum. Vér ábyrgjumst að gera alla ánægða, sem
við oss skifta. Höndlum aðeins beztu tegund af vörum
og seljum á lægsta verði.

J. ZANPHIERS